



Reykjavík 13. júní 2023

SAMKOMULAG UM AÐ LJÚKA MÁLI MEÐ SÁTT

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir fjármálaeftirlitið) hefur haft til meðferðar mál gagnvart Íslenskum verðbréfum hf. (hér eftir málsaðili) um hvort málsaðili hafi brotið gegn 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (hér eftir MiFIR), sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021 (hér eftir mffl.) með því að tilkynna fjármálaeftirlitinu ekki um 6.126 viðskipti sem málsaðili framkvæmdi með fjármálagerninga á tímabilinu 1. september 2021 til 21. desember 2022.

Með bréfi málsaðila, dags. 22. febrúar 2023, var lýst yfir vilja til að ljúka málinu með sátt. Málið telst upplýst og telur fjármálaeftirlitið forsendur til að ljúka málinu með sátt við málsaðila.

I. Málsatvik

Málsaðili er verðbréfafyrirtæki sem starfar á grundvelli mffl. og laga um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002 auk þess sem félagið hefur heimild til að vera vörsluaðili á grundvelli laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021.

Við reglubundið eftirlit varð fjármálaeftirlitinu ljóst að málsaðili hafði ekki tilkynnt um viðskipti með fjármálagerninga í samræmi við 1. mgr. 26. gr. MiFIR (hér eftir TRS II skýrslur) á tímabilinu 1. júlí til 14. október 2022. Við málsmeðferðina upplýsti málsaðili að mistök hefðu leitt til þess að TRS II skýrslur málsaðila, á tímabilinu 1. september 2021 til 21. desember 2022, innihéldu hvorki upplýsingar um viðskipti með fjármálagerninga sem hefðu verið skráðir á markaðstorgi fjármálagerninga né fjölda þeirra viðskipta sem málsaðili hefði framkvæmt með erlenda fjármálagerninga sem teknir hefðu verið til viðskipta á viðskiptavettvangi. Í athugun sem fór fram í kjölfarið kom í ljós að á tímabilinu 1. september 2021 til 21. desember 2022 hafði málsaðili ekki tilkynnt um 6.126 viðskipti í TRS II skýrsluskilum til fjármálaeftirlitsins. Málsaðili hefur upplýst fjármálaeftirlitið um að hann hafi komið upp kerfi sem gerir honum kleift að aðgreina viðskipti sem falla undir TRS II skýrsluskilin frá öðrum viðskiptum. Kerfið var innleitt hjá málsaðila hinn 21. desember 2022.

II. Lagagrundvöllur

MiFIR öðlaðist lagagildi á Íslandi hinn 1. september 2021, sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. mffl. sem tóku gildi sama dag. Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. MiFIR skulu verðbréfa-fyrirtæki sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga veita fjármálaeftirlitinu fullar og réttar upplýsingar um slík viðskipti eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við lok næsta viðskiptadags á eftir.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. MiFIR tekur skyldan samkvæmt 1. mgr. 26. gr. MiFIR m.a. til allra viðskipta með fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða sem beiðni hefur verið lögð fram um að séu teknir til viðskipta. Með viðskiptavettvangi er átt við skipulegan markað, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulagt markaðstorg, sbr. 69. tl. 1. mgr. 4. gr. mffl., sbr. 16. tl. 2. gr. MiFIR.

III. Málsmeðferð

Með fyrirspurn dags. 20. október 2022 leitaði fjármálaeftirlitið skýringa á því hvers vegna málsaðili hefði ekki skilað TRS II skýrslum á tímabilinu 1. júlí til 14. október 2022 og var óskað upplýsinga um umfang viðskipta sem féllu undir TRS II skýrsluskil á sama tímabili. Í svörum málsaðila, sem bárust í tölvupósti sama dag, kom fram að skýrslunum hafi ekki verið skilað vegna þess að þau kerfi sem sáu um TRS keyrslur málsaðila hefðu ekki flust yfir á nýjan netþjón við uppfærslu í hýsingar-umhverfi þriðja aðila. Þá sendi málsaðili fjármálaeftirlitinu yfirlit yfir þau viðskipti sem hann framkvæmdi á tímabilinu. Samkvæmt yfirlitinu virtist sem félagið hefði ekki tilkynnt um 2.389 viðskipti á tímabilinu 1. júlí til 14. október 2022.

Hinn 9. nóvember 2022 sendi fjármálaeftirlitið málsaðila bréf þar sem fram kom að svo virtist sem málsaðili hefði brotið gegn 26. gr. MiFIR með því að tilkynna fjármálaeftirlitinu ekki um 2.389 viðskipti á tímabilinu 1. júlí til 14. október 2022. Var málsaðila boðið að koma á framfæri frekari skýringum og sjónarmiðum í málinu samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en til ákvörðunar kæmi.

Fjármálaeftirlitinu barst svarbréf frá málsaðila hinn 23. nóvember 2022 þar sem fram kom að flokkun í stofnkerfum hefði verið röng og valdið því að fjölmörg viðskipti með fjármálagerninga sem málsaðili hefði borið að tilkynna um í TRS II skýrslum hefðu ekki verið tilkynnt fjármálaeftirlitinu. Aðallega hefði verið um að ræða fjármálagerninga í viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga og fjármálagerninga sem teknir hefðu verið til viðskipta á viðskiptavettvöngum erlendis. Fjármálaeftirlitið óskaði í kjölfarið eftir frekari gögnum varðandi þau viðskipti sem ekki hefðu verið tilkynnt til eftirlitsins. Málsaðili svaraði fjármálaeftirlitinu með tölvupósti, dags. 6. janúar 2023. Þá greindi málsaðili frá því að hann hefði í samræmi við leiðbeiningar fjármálaeftirlitsins þegar innleitt lausnir í kerfum sínum til að vakta með sjálfvirkum hætti viðskipti sem falla undir TRS II skýrsluskilaskylduna.

Í kjölfarið gat málsaðili tekið saman lista yfir öll viðskipti sem láðst hafði að tilkynna um. Eftir yfirferð fjármálaeftirlitsins á umræddum gögnum kom í ljós að umfang þeirra viðskipta sem málsaðili tilkynnti ekki um á grundvelli 26. gr. MiFIR reyndist ekki vera 2.389 vegna tímabilsins 1. júlí til 14. október 2022, líkt og kom fram í bréfi eftirlitsins dags. 9. nóvember 2022, heldur 6.126 viðskipti vegna tímabilsins 1. september 2021 til 21. desember 2022.

Hinn 8. febrúar 2023 sendi fjármálaeftirlitið málsaðila bréf þar sem fram kom að svo virtist sem málsaðili hefði brotið gróflega gegn 26. gr. MiFIR með því að tilkynna ekki um 6.126 viðskipti á tímabilinu 1. september 2021 til 21. desember 2022. Með bréfi, dags. 22. febrúar 2023, lýsti málsaðili afstöðu sinni til þeirra atriða sem komu fram í bréfi fjármálaeftirlitsins. Málsaðili benti m.a. á að útivistunaraðili hefði séð um flokkun í stofnkerfum, að mistökin hefðu getað uppgötvast fyrr og ekki orðið svo umfangsmikil ef fjármálaeftirlitið hefði fyrr bent á að engar skýrslur hefðu borist, og að þar sem tilkynningarnar vörðuð eru erlend viðskipti væri ólíklegt að þær gætu skipt máli við að koma í veg fyrir innherjasvik og markaðsmisnotkun. Þá benti málsaðili á að meint brot hefðu verið framin af gáleysi, að hann hefði að eigin frumkvæði upplýst um aukið umfang viðskipta sem ekki hefðu verið tilkynnt til fjármálaeftirlitsins auk þess sem hann hefði þegar hafist handa við úrbætur. Þá óskaði málsaðili eftir að ljúka málinu með sátt.

IV. Niðurstaða

Málsaðili ber fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem hann útvistar eða þjónustuaðili framkvæmir, sbr. 4. mgr. 21. gr. mffl. Vegna sjónarmiða málsaðila um að fjármálaeftirlitið hafi ekki bent málsaðila á að upplýsingagjöf væri ófullnægjandi skal bent á að verðbréfafyrirtæki bera fulla ábyrgð á að skýrslur séu fullgerðar, réttar og lagðar fram tímanlega, sbr. 7. mgr. 26. gr. MiFIR. Þá er skyldan til að skila upplýsingum sú sama, hvort sem hún varðar viðskipti með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta hér á landi eða í öðru ríki ESB.

Samkvæmt öllu framangreindu er það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi brotið gegn 26. gr. MiFIR með því að tilkynna fjármálaeftirlitinu ekki um 6.126 viðskipti á tímabilinu 1. september 2021 til 21. desember 2022.

Brot gegn 26. mgr. MiFIR og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli ákvæðisins geta varðað stjórnvaldssekt, sbr. 109. tl. 1. mgr. 125. gr. mffl.

Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri, eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu, sbr. 2. ml. 3. mgr. 125. gr. mffl. Samkvæmt 1. mgr. 126. gr. mffl. skal við ákvörðun stjórnvaldssekta tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots og hvað það hefur staðið lengi, ábyrgðar hins brotlega, fjárhagsstöðu hins brotlega, þýðingar ávinnings, eða taps sem forðað var með broti

fyrir hinn brotlega, taps þriðja aðila af broti, samstarfsvilja hins brotlega, og fyrri brota.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á lögunum með sátt með samþykki málsaðila, sbr. 1. mgr. 127. gr. mffl. og reglum um heimild fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, nr. 326/2019. Miðað er við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem lítið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Við ákvörðun um stjórnsluviðurlög og sektarfjárhæð horfir fjármálaeftirlitið til alvarleika brots málsaðila og tilgangs tilkynningaskyldu skv. 26. gr. MiFIR, en ákvæðið endurspeglar mikilvægi TRS gagnaskila fyrir fjármálaeftirlitið m.a. til að greina innherjasvik og markaðsmisnotkun og efla þannig traust og trúverðugleika á verðbréfamarkaði. Við mat á alvarleika brotsins lítur fjármálaeftirlitið einnig til þess að brotið snýr að miklu magni eftirlitsgagna yfir langan tíma, alls 6.126 viðskiptum sem málsaðili tilkynnti ekki um, á tímabilinu 1. september 2021 til 21. desember 2022 eða í tæpa 16 mánuði. Þá er ekki að sjá að brotið hafi haft í för með sér kerfisleg áhrif eða að málsaðili hafi hlotið ávinning af brotinu eða hann verið að forða tapi með broti.

Til lækkunar á sektarfjárhæð er horft til þess að málsaðili sýndi samstarfsvilja sem fólst í því að upplýsa að fyrra bragði um aukið umfang brotsins, eiga frumkvæði að úrbótum með tilliti til leiðbeininga frá fjármálaeftirlitinu til að tryggja að viðeigandi tilkynningar um viðskipti berist fjármálaeftirlitinu. Þá horfir enn fremur til lækkunar sektarfjárhæðar að málsaðila hefur ekki á sl. fimm árum verið gerð sekt vegna brots gegn ákvæðum laga á fjármálamarkaði.

Með hliðsjón af framangreindu, eðli og umfangi brota, sjónarmiðum málsaðila og atvikum máls að öðru leyti er málsaðila hér með boðið að ljúka málinu með sátt og til greiðslu sektar að fjárhæð 2.600.000 kr. til ríkissjóðs.